

**STARFSLEYFI-Tillaga
Hringrás hf.
Ægisnesi 1, Akureyri
- móttaka spilliefna og annars úrgangs -
Kt.: 420589-1319**

Gefið út af Umhverfisstofnun í samræmi við ákvæði eftirtaldra laga og reglugerða: Lög nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, reglugerð nr. 785/1999 um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun, lög nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs, reglugerð nr. 737/2003 um meðhöndlun úrgangs, reglugerð nr. 806/1999 um spilliefni og reglugerð nr. 303/2008 um úrvinnslu ökutækja.

1. ALMENN ÁKVÆÐI

1.1. Rekstraraðili

Starfsleyfi þetta gildir fyrir Hringrás hf., kt. 420589-1319, fyrir söfnunar og móttökustöð fyrir spilliefni og annan úrgang að Ægisnesi 1, Akureyri. Komi nýr aðili að rekstrinum getur hann sótt um að starfsleyfið verði fært yfir á sig án þess að gefið verði út nýtt starfsleyfi, sbr. 27. gr. reglugerðar nr. 785/1999 um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun.

Hringrás hf. er hér eftir nefnd rekstraraðili.

Rekstraraðila er heimilt að fela verktaka að annast verk fyrir sig, enda hafi viðkomandi öll tilskilin leyfi. Það er á ábyrgð rekstraraðila að fylgjast með hvort verktaki hafi öll tilskilin leyfi.

Rekstraraðila ber að uppfylla gildandi lög og reglugerðir á starfssviði sínu og haga starfsemi og frágangi í samræmi við gildandi deiliskipulag.

1.2. Umfang starfseminnar

Heimilt er að taka á móti allt að 23900 tonnum af úrgangi á ári til meðhöndlunar, þ.e. flokkunar, forvinnslu, pökkunar og geymslu. Þær tegundir úrgangs sem heimilt er að taka á móti eru eftirfarandi:

- a) 200 tonn af hvers kyns spilliefnum, þ.m.t. sprengifim efni, sóttmengaður úrgangur og raf- og rafeindatæki sem innihalda hættuleg efni.
- b) 3200 tonn af málum, þ.m.t. úr sér gengin ökutæki sem innihalda vökva eða önnur hættuleg efni.
- c) 500 tonn af hjólbörðum.
- d) 16000 tonn af hættulitum, almennum úrgangi til flokkunar, umhleðslu, forvinnslu, böggunar, pökkunar og geymslu. Þ.e. öllum tegundum úrgangs sem ekki flokkast sem spilliefni skv. reglugerð nr. 184/2002 um skrá yfir spilliefni og annan úrgang.
- e) 4000 tonn af timbri, garðúrgangi til flokkunar og tætingar.

Móttaka geislavirks úrgangs er bönnuð.

Förgun úrgangs á athafnasvæði rekstraraðila er bönnuð.

Magni úrgangs sem geymdur er á athafnasvæði rekstraraðila skal haldið í lágmarki en þó þannig að flutningur hvers efnisfloks haldist hagkvæmur. Skal magnið aldrei verða svo mikið að hætta skapist. Magn brennanlegs úrgangs á athafnasvæðinu skal aldrei fara yfir 1000 rúmmetra í hverju brunahólfi.

1.3. Eftirlitsaðili

Umhverfisstofnun hefur eftirlit með starfsemi rekstraraðila í samræmi við ákvæði reglugerðar nr. 786/1999 um mengunarvarnaeftirlit. Umhverfisstofnun getur falið öðrum framkvæmd eftirlits undir yfirumsjón sinni, sbr. 37. gr. laga nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs.

1.4. Breytingar á rekstri

Rekstraraðili skal veita Umhverfisstofnun upplýsingar um fyrirhugaðar breytingar á rekstri með góðum fyrirvara áður en ráðist verður í þær, sbr. 18. gr. reglugerðar nr. 785/1999.

1.5. Stöðvun rekstrar

Verði rekstri hætt, tímabundið eða varanlega, skal gera ráðstafanir til þess að úrgangi, efnum og búnaði verði ráðstafað á viðurkenndan hátt. Tilkynna skal eftirlitsaðila með minnst mánaðarfyrirvara um stöðvun rekstrar og ráðstafanir þar að lútandi, þannig að taka megi út frágang.

1.6. Starfsemi hafin að nýju

Tilkynna skal eftirlitsaðila um að starfsemi sé hafin að nýju ef starfsemin hefur legið niðri í meira en mánuð.

1.7. Neyðaráætlun

Rekstraraðili skal útbúa neyðaráætlun um meðhöndlun úrgangs á þjónustusvæði móttökustöðvarinnar ef kemur til óvæntrar stöðvunar á rekstri hennar. Neyðaráætlunin skal innihalda tillögur um meðferð og förgun úrgangs þann tíma sem starfsemin liggur niðri. Prentað eintak að neyðaráætlun skal vera aðgengilegt eftirlitsaðila og skal hún liggja fyrir eigi síðar en 1. september, 2013.

1.8. Endurskoðun starfsleyfis

Endurskoða skal starfsleyfið að jafnaði á fjögurra ára fresti, sbr. 20. gr. reglugerðar nr. 785/1999. Ef breytingar verða á rekstri, mengun af völdum starfseminnar er meiri en gert var ráð fyrir við gerð starfsleyfisins, fram koma nýjar reglur um mengunarvarnir eða ef breytingar verða á bestu fáanlegu tækni skal rekstraraðili hrinda í framkvæmd tímasettri áætlun um að draga úr mengun eins og kostur er, í samráði við Umhverfisstofnun. Ef áætlunin skilar ekki tilætluðum árangri getur Umhverfisstofnun krafist frekari aðgerða til úrbóta og endurskoðunar starfsleyfis, sbr. 21. gr. reglugerðar nr. 785/1999.

1.9. Samráðsfundur

Annað hvert ár skal rekstraraðili boða fulltrúa Umhverfisstofnunar og hlutaðeigandi heilbrigðisnefndar á samráðsfund. Þessir aðilar geta þó boðað oftar til samráðsfundar ef ástæða þykir til. Á samráðsfundum verði m.a. rætt um reksturinn, mengunarvarnir, hugsanlegar breytingar á starfsleyfi þessu, eftirlitsmælingar og önnur atriði er kunna að hafa komið upp og fulltrúar áðurnefndra aðila telja ástæðu til að ræða.

1.10. Upplýsingaréttur almennings

Almenningur á rétt á aðgengi að upplýsingum um starfsleyfi og starfsleyfisumsókn í samræmi við ákvæði í kafla XI í reglugerð nr. 785/1999 og upplýsingum um mengunarvarnaeftirlit í samræmi við kafla VI í reglugerð nr. 786/1999.

1.11. Valdsvið og þvingunarúrræði

Fylgi rekstraraðili ekki ákvæðum starfsleyfis, ákvæðum laga og reglugerða á starfssviði sínu eða fyrirmælum eftirlitsaðila getur Umhverfisstofnun beitt ákvæðum í kafla VI í lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir til að knýja fram úrbætur. Umhverfisstofnun er þannig heimilt að veita tilhlýðilega fresti til úrbóta, veita áminningu og ákveða rekstraraðila dagsektir, sinni hann ekki fyrirmælum stofnunarinnar. Jafnframt er stofnuninni heimilt að stöðva eða takmarka starfsemi rekstraraðila sé um að ræða ítrekuð brot eða alvarleg tilvik.

2. STARFSHÆTTIR

2.1. Umhverfi og takmörkun aðgangs

Rekstraraðili skal kappkosta að dregið verði sem mest úr því álagi sem starfsemi hans veldur á umhverfið, þ.m.t. starfshættir, efnisnotkun og meðferð frárennslis.

Rekstraraðili skal halda athafnasvæði sínu snyrtilegu. Aðgangur að svæðinu skal vera takmarkaður, það afgirt með öryggisgirðingu og vaktað allan sólarhringinn. Á öryggisgirðingu skulu vera skilti sem vara óviðkomandi við hættu og upplýsa um að aðgangur sé bannaður. Gott eftirlit og viðhald skal vera með girðingu. Umhverfisstofnun getur krafist lagfæringa og viðgerða á lóð, girðingu og öðrum mannvirkjum ef nauðsynlegt þykir til þrifnaðar eða ef ástand þeirra er til lýta fyrir umhverfið.

Fara skal þannig með allan úrgang við meðhöndlun að tryggt sé að hann valdi hvergi óþrifnaði eða ónæði, svo sem foki úrgangsefna, ólykt eða hávaða.

Verði vart við meindýr, s.s. rottur eða vargfugla, skal séð til þess að þau hafist ekki við eða taki sér bólfestu á athafnasvæði rekstraraðila, að teknu tilliti til laga nr. 64/1994 um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum.

2.2. Mengunarvarnir og nýting orku

Rekstraraðili skal nota bestu fáanlegu tækni (BAT), hafi hún verið skilgreind, við mengunarvarnir og skal nýta orku vel. Þegar aðferðum er beitt við mengunarvarnir sem valda því að mengun færist á milli andrúmslofts, vatns og jarðvegs skal lágmarka neikvæð heildaráhrif á umhverfið (samþættar mengunarvarnir). Mengun sem getur

borist langar leiðir eða til annarra landa skal haldið í lágmarki og tryggja skal víðtæka umhverfisvernd.

2.3. Umhverfismarkmið

Rekstraraðili skal setja sér umhverfismarkmið og starfa samkvæmt þeim. Starfa má samkvæmt eigin kerfi, velja staðlað umhverfisstjórnunarkerfi, t.d. ÍST EN ISO 14001:2004, eða þáttöku í umhverfisstjórnunarkerfi EB, sbr. reglugerð nr. 990/2005 um frjálsa þáttöku fyrirtækja og stofnana í umhverfisstjórnunarkerfi bandalagsins (EMAS).

2.4. Viðbragðsáætlun

Rekstraraðili skal gera áhættumat vegna mögulegrar bráðamengunar frá starfseminni og vinna viðbragðsáætlun á grundvelli þess, sbr. 18. gr. laga nr. 33/2004 um varnir gegn mengun hafs og stranda. Viðbragðsáætlun skal vera tiltæk starfsmönnum í starfstöð og aðgengileg eftirlitsaðila. Viðbragðsáætlun skal liggja fyrir við útgáfu starfsleyfis og skal prentað eintak vera tiltækta starfsmönnum á vinnustað og aðgengilegt eftirlitsaðila.

2.5. Óeðlilega mikil mengun

Berist á starfstímanum óeðlilega mikil mengun frá starfseminni út í umhverfið sér rekstraraðili um að koma í veg fyrir að mengunarefní haldi áfram að breiðast út. Rekstraraðila ber að hreinsa þá mengun sem kann að verða við óhöpp eða önnur atvik, á sinn kostnað.

2.6. Tilkynningaskylda vegna mengunarslysa

Verði óhapp eða slys sem getur haft í för með sér losun mengandi efna út í umhverfið skal þegar í stað grípa til aðgerða skv. viðbragðsáætlun (gr. 2.4) til þess að fyrirbyggja að mengun valdi skaða á umhverfinu. Tilkynna skal Umhverfisstofnun og viðkomandi heilbrigðiseftirliti um tilfelli þar sem hætta er á bráðamengun eða umtalsverðum áhrifum á umhverfið.

2.7. Neyðartilvik – yfirvofandi hætta

Í neyðartilvikum hefur rekstraraðili heimild til að grípa til viðeigandi ráðstafana til að afstýra hættu, enda þótt þær ráðstafanir séu ekki í samræmi við ákvæði starfsleyfis þessa, sbr. 12. gr. reglugerðar nr. 806/1999 um spilliefni. Eftirlitsaðila skal tafarlaust tilkynnt um slíkar ráðstafanir.

2.8. Söfnunarstöð

Úrgangi skal safnað í gáma sem raðað er upp með skipulegum hætti. Gámarnir skulu vera heilir, hreinir og á þeim skulu vera skýrar merkingar sem segja til um hvaða úrgangur megi fara í þá. Eftirlit skal haft með því að úrgangur sé flokkaður á réttan hátt svo hann fari í viðeigandi gáma.

2.9. Móttökustöð

Úrgang sem getur gefið frá sér ólykt eða getur fokið skal að jafnaði meðhöndla innandyra, nema til komi sérstakar ráðstafanir sem komi í veg fyrir mengun, t.d. girðingar, skjólveggir eða ráðstafanir sem koma í veg fyrir lyktarmengun.

Úrgangi sem geyma þarf utandyra skal koma fyrir með hentugu fyrirkomulagi og á skipulegan hátt. Ávallt skal vera hreinn aðskilnaður á milli brennanlegra úrgangsflokka til að lágmarka sambrunahættu, í samræmi við ábendingar og kröfur Slökkviliðs Akureyrar, og skal ekki staðsetja úrgangshauga nær húsum en sem nemur 8 metrum.

2.10. Verklýsingar

Rekstraraðili skal útbúa verklýsingar um eftirfarandi þætti starfseminnar:

- Meðhöndlun allra tegunda spilliefna sem berast, s.s. móttöku þeirra, vinnsluaðferðir og geymslu.
- Móttöku og meðhöndlun sprengifimra efna.
- Umgengni um búnað, þ.m.t. hreinsun á tækjum og umbúðum.
- Reglubundið eftirlit með mengunarvarnabúnaði.
- Viðbrögð við óhöppum.
- Þjálfun nýrra starfsmanna.

Verklýsingarnar skulu kynntar starfsmönnum, vera ávallt tiltækar í starfstöð og aðgengilegar eftirlitsaðila.

2.11. Meðhöndlun spilliefna

Athafnasvæði rekstraraðila þar sem spilliefni eru meðhöndluð, þ.m.t. geymd, flokkuð og gerð hlutlaus, skal lagt bundnu yfirborðslagi. Spilliefni skulu geymd og meðhöndluð þannig að ekki sé hætta á mengun umhverfisins eða skaðlegum áhrifum á fólk eða dýr. Þau skulu meðhöndluð af varúð og þess vandlega gætt að þau berist ekki í fráveitu eða geti á annan hátt valdið skaða.

Spilliefni skulu jafnan geymd innandyra þar sem fráveita er lokuð. Þó er heimil geymsla þeirra utandyra í lokuðum og læstum, lekaheldum gánum án fráveitu. Þess skal gætt að úrkomuvatn komist ekki að spilliefnunum og þá einkum þeim sem kunna að leysast upp í vatni og hafa óæskileg áhrif á efnasamsetningu frárennslis, s.s. blyi.

Sprengifim efni skal einungis geyma í sérstökum sprengiefnakössum eða -gánum sem viðurkenndir eru til geymslu slíkra efna. Þeir skulu tryggilega læstir.

Einstökum tegundum spilliefna skal halda aðgreindum.

Spilliefni skulu send til endurnýtingar eða förgunar við fyrsta hentuga tækifæri.

2.12. Meðhöndlun úr sér genginna ökutækja

Hreinsun úr sér genginna ökutækja skal framkvæma eins fljótt og mögulegt er. Ef geyma þarf ökutæki til skamms tíma áður en þau eru hreinsuð skulu þau geymd á plani með bundnu yfirborðslagi og fráveitan leidd í sandfang og olíuskilju.

Við hreinsun skulu:

- Rafgeymar fjarlægðir.
- Íhlutir sem hugsanlega eru sprengifimir, t.d öryggispúðar, fjarlægðir eða gerðir óvirkir.
- Eldsneyti, smurolíá, gír- og drifolíá, vökvakerfisolíá, kælivökvi, ísvari, hemlavökvi, vökví úr loftkælingum og allir aðrir vökvær sem fyrirfinnast í ökutækjum fjarlægðir, safnað sérstaklega saman og geymdir, nema þeir séu nauðsynlegir vegna endurnotkunar viðkomandi hluta.
- Allir íhlutir sem vitað er að innihalda kvikasilfur fjarlægðir eftir því sem unnt er.
- Allir íhlutir sem innihalda blý, kadmiúm eða sexgilt króm og eru merktir sem slíkir fjarlægðir áður en frekari úrvinnsla fer fram.

Lokanleg, lekaheld spilliefnakör skulu vera til staðar til geymslu á rafgeymum, óháð því hvort raflausnin er gerð hlutlaus á staðnum eða ekki, olíusíum og þéttum sem innihalda PCB/PCT-efni. Hentugir geymar skulu vera til staðar til aðgreindrar geymslu á vökvum frá úr sér gengnum ökutækjum; eldsneyti, smurolíu, gír- og drifolíu, vökvakerfisolíu, kælivökva, ísvara, hemlavökva, vökví úr loftkælingum, rafgeymasýru og öllum öðrum vökvum sem fyrirfinnast í ökutækjum.

Úr sér gengin ökutæki skal geyma með hentugu fyrirkomulagi án þess að valda slysahættu og þannig að komist verði hjá því að íhlutir sem innihalda vökvá, endurnýtanlegir íhlutir eða varahlutir skemmist og möguleikar til endurnýtingar minnki. Við geymslu skulu ökutækin aðskilin frá öðrum úrgangsflokkum til að lágmarka sambrunahættu, í samræmi við ábendingar og kröfur Slökkviliðs Akureyrar, og skulu ekki staðsett nær skemmu en sem nemur 8 metrum.

2.13. Meðhöndlun annars úrgangs

Málma og hjólbarða skal geyma með hentugu fyrirkomulagi og á skipulegan hátt. Ávallt skal vera hreinn aðskilnaður á milli úrgangsflokka til að lágmarka sambrunahættu, í samræmi við ábendingar og kröfur Slökkviliðs Akureyrar, og skal ekki staðsetja úrgangshauga nær skemmu en sem nemur 8 metrum.

2.14. Verkstjórn

Starfsemi í starfstöð rekstraraðila skal ávallt vera undir yfirumsjón starfsmanns sem þekkingu hefur á öllum búnaði stöðvarinnar og þeim starfsháttum sem starfsleyfi þetta kveður á um. Skal starfsmaðurinn jafnframt kunna skil á öðrum ákvæðum starfsleyfis og þeim lögum og reglugerðum sem um starfsemina gilda. Eintök af starfsleyfi og viðeigandi lögum og reglugerðum skulu ávallt tiltæk í starfstöð.

2.15. Meðhöndlun hættulegra efna

Tryggja skal að starfsfólk hafi fullnægjandi þekkingu á hættulegum eiginleikum þeirra efna sem það vinnur með og skulu upplýsingar þar að lútandi ávallt vera tiltækar í starfstöð. Um varnir gegn skaðlegum áhrifum á starfsmenn og starfsumhverfi fer samkvæmt lögum nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum.

2.16. Endurnotkun og endurnýting úrgangs

Rekstraraðili skal stuðla að endurnotkun og -nýtingu úrgangs eins og kostur er, í samræmi við gildandi svæðisáætlun sveitarstjórnar. Ef endurnotkunar- og endurnýtingarmöguleikar eru fyrir hendi skal koma úrgangi sem berst í slíka vinnslu,

ef kostur er. Þetta á þó ekki við um þau spilliefni sem um gilda sérstakar kröfur, t.d. PCB, halóna, kvikasilfur og asbestos.

Dregið skal úr útflutningi spilliefna eins og kostur er með því að koma slíkum efnum til endurnýtingar eða förgunar innanlands.

2.17. Tryggingar

Rekstraraðili skal taka ábyrgðartryggingu eða leggja fram aðra fullnægjandi tryggingu sem Umhverfisstofnun metur gilda, að upphæð 1 milljón SDR, vegna mögulegs bráðamengunartjóns, sbr. 16. gr. laga nr. 33/2004 um varnir gegn mengun hafs og stranda.

3. VARNIR GEGN MENGUN YTRA UMHVERFIS

3.1. Fráveita

Fráveita frá rýmum eða plönum þar sem spilliefni eru meðhöndluð eða hreinsun úr sér genginna ökutækja fer fram skal vera lokað. Þannig skulu öll spilliefni sem kunna að fara niður fönguð í söfnunarþró svo hægt sé að endurheimta þau.

Fráveituvatn frá öðrum rýmum eða plönum skal leitt í sandfang og olíuskilju áður en það er losað í fráveitukerfi. Við úttak olíuskilju skal vera búnaður svo hægt sé að loka fyrir frárennslið ef óhapp verður og spilliefni fara í niðurföll. Styðjast skal við gildandi staðla um olíuskiljur varðandi stærð, frágang, eftirlit og viðhald.

Komið skal í veg fyrir fok úrgangsefna frá athafnasvæði rekstraraðila, t.d. með því að meðhöndla ekki fokgjarnan úrgang utandyra eða með uppsetningu girðinga eða skjólveggja.

3.2. Söfnunarstöð

Plön þar sem tekið er við úrgangi sem mengað getur frárennsli skulu lögð bundnu yfirborðslagi og fráveituvatn leitt í sandfang og olíuskilju áður en það er losað í fráveitukerfi. Fráveituvatn frá öðrum plönum er heimilt að leiða ómeðhöndlað í fráveitukerfi. Reynist fráveituvatnið ekki uppfylla skilyrði sem koma fram í gr. 5.3 skal hreinsa það frekar áður en það er leitt í fráveitukerfið.

3.3. Möttökustöð

Fráveituvatn frá öllum rýmum vinnsluhúsa skal leitt í sandfang og olíuskilju áður en það er losað í fráveitukerfi. Plön þar sem meðhöndlaður er úrgangur sem mengað getur frárennsli skulu lögð bundnu yfirborðslagi og fráveituvatn leitt í sandfang og olíuskilju áður en það er losað í fráveitukerfi. Fráveituvatn frá öðrum plönum og húspökum er heimilt að leiða ómeðhöndlað í fráveitukerfirfrá. Reynist fráveituvatnið ekki uppfylla skilyrði sem koma fram í gr. 5.3 skal hreinsa það frekar áður en það er leitt í fráveitukerfi.

3.4. Söfnunarþró, sandfang og olíuskilja

Söfnunarþró, sandfang og olíuskilju skal vakta og viðhalda skv. verklýsingu (gr. 2.8) og tæma eftir þörfum.

Ávallt skal vera laust a.m.k. 2 m³ rými í söfnunarþró fyrir spilliefni sem kunna að fara niður við óhapp. Skrá skal vökvamagn í söfnunarþró fyrir tæmingu. Sé tryggt að spilliefni hafi ekki borist í söfnunarþró frá síðustu tæmingu má leiða innihald hennar ómeðhöndlað í frárennsli. Ef grunur leikur á að spilliefni hafi borist í söfnunarþró skal greina styrk mögulegra mengunarefna í innihaldi hennar áður en hún er tæmd. Ef ekki er ljóst hvaða spilliefni hafa mögulega borist í þróna skal greina alla efnispætti í samræmi við mælingaáætlun í gr. 5.2. Fráveituvatn sem ekki stenst losunarmörk í gr. 5.3, eða inniheldur önnur spilliefni, er óheimilt að leiða ómeðhöndlað í frárennsli, heldur skal því fargað í samráði við eftirlitsaðila.

Aðstaða skal vera til að taka sýni af fráveituvatni þar sem það kemur úr olíuskilju.

3.5. Hreinsibúnaður

Viðeigandi búnaður og efni til hreinsunar spilliefna sem kunna að fara niður, t.d. ídræg efni til hreinsunar á vökvum, skulu vera til reiðu í starfstöð.

3.6. Frágangur geyma

Allir geymar sem notaðir eru við geymslu á spilliefnunum skulu viðurkenndir og merktir á viðeigandi hátt, a.m.k. skulu koma fram tegundir spilliefna, hættulegir eiginleikar og magn þeirra, sbr. 8. gr. reglugerðar nr. 806/1999. Að öðru leyti skal frágangur geyma vera í samræmi við ákvæði reglugerðar nr. 35/1994 um varnir gegn olíumengun frá starfsemi í landi.

Óheimilt er að geyma rokgjörn spilliefni í opnum ílátum.

Við geymslu spilliefna skulu geymar staðsettir og varðir þannig að þeir séu stöðugir og verði ekki fyrir hnjasí, t.d. frá ökutækjum. Hafa skal reglulegt eftirlit með geymum.

3.7. Hávaði

Rekstraraðili skal leitast við að halda niðri hávaða frá starfseminni og skal hávaði vera í samræmi við þau mörk sem fram koma í reglugerð nr. 724/2008 um hávaða.

4. MÓTTAKA ÚRGANGS

4.1. Móttaka og skráning úrgangs

Skrá skal magn og tegundir spilliefna og annars úrgangs sem tekið er á móti á starfstöðinni, í samræmi við flokkunarkerfi reglugerðar nr. 184/2002 um skrá yfir spilliefni og annan úrgang. Skrá skal uppruna, dagsetningu móttöku, framleiðanda úrgangs eða söfnunarfyrtæki ef við á, vinnsluaðferðir og ráðstöfun úrgangsins. Allar færslur skulu varðveittar í a.m.k. 5 ár. Jafnframt skal skrá sérstaklega fjölða úr sér genginna ökutækja sem tekið er á móti, heildarþyngd þeirra, magn og tegundir efna sem hreinsuð voru úr ökutækjunum og ráðstöfun, í samræmi við töflur 2 og 3 á eyðublaði I viðauka II við reglugerð nr. 303/2008 um úrvinnslu ökutækja.

Gefu skal út kvittun til úrgangshafa fyrir móttöku úrgangs.

5. INNRA EFTIRLIT REKSTRARAÐILA

5.1. Skráningar

Rekstraraðili skal hafa reglulegt eftirlit með umhverfis- og rekstrarþáttum sem geta valdið mengun eða losun efna út í umhverfið. Skrá skal upplýsingar um eftifarandi atriði og skulu skráningar vera aðgengilegar eftirlitsaðila hvenær sem er:

1. Magn, tegundir, uppruni og ráðstöfun spilliefna og annars úrgangs sem tekið er á móti, sbr. gr. 4.1.
2. Mengunaróhöpp og viðbrögð við þeim, sbr. gr. 2.5 og 2.6.
3. Rekstur fráveitukerfis, s.s. dagsetningar tæminga, vökvamagn fyrir tæmingar og niðurstöður efnagreininga, sbr. gr. 3.2 og 5.2.

5.2. Eftirlitsmælingar

Fullnægjandi aðstaða til sýnatoku og mælinga á fráveituvatni við úttak olíuskilju skal vera fyrir hendi til að unnt sé að fylgjast með mengun sem frá móttökustöðinni kann að berast. Tekin skulu sýni af vatni þar sem meðalsamsetning er dæmigerð.

Rekstraraðili skal kosta og ábyrgjast framkvæmd sýnatoku og mælinga og fá til þess aðila sem Umhverfisstofnun samþykkir.

Rekstraraðili skal vakta fráveituvatn samkvæmt eftifarandi mælingaáætlun:

Mæli-/sýnatökustaður	Efnispættir	Tíðni*
Samsetning fráveituvatns Innihald söfnunarþróar	Hitastig, leiðni, pH, heildarmagn svifagna, súrefnisþörf (COD), heildarmagn uppleystra efna (TDS), olífa/fita, BTEX, lífræn halógensambönd (AOX), járn (Fe), blý (Pb), kvikasilfur (Hg), kadmíum (Cd), króm (Cr), kopar (Cu), sink (Zn), arsen (As), nikkel (Ni), mólybden (Mo), antimón (Sb) og tin (Sn)	Fyrir hverja tæmingu (ef grunur leikur á að spilliefni hafi borist í þróna)
Samsetning fráveituvatns Úttak olíuskilju	Hitastig, leiðni, pH, heildarmagn svifagna, súrefnisþörf (COD), heildarmagn uppleystra efna (TDS), olífa/fita, BTEX, lífræn halógensambönd (AOX), járn (Fe), blý (Pb), kvikasilfur (Hg), kadmíum (Cd), króm (Cr), kopar (Cu), sink (Zn), arsen (As), nikkel (Ni), mólybden (Mo), antimón (Sb) og tin (Sn)	Einu sinni á ári; fyrir 1. okt.

*Ef mat á gögnum gefur til kynna að strjálla eftirlit gefi jafn góða raun er Umhverfisstofnun heimilt að breyta tilhöguninni. Jafnframt er Umhverfisstofnun heimilt að fara fram á tíðari mælingar.

5.3. Losunarmörk

Mörk sem fráveituvatn þarf að uppfylla fyrir losun út í umhverfið:

Efni	Styrkur (mg/l)
Svífagnir	35
Súrefnisþörf	125
Kvikasilfur	0,05
Kadmíum	0,1
Blý	0,2
Nikkel	0,5
Kopar	0,5
Króm	0,5
Sink	1,0
Arsen	0,15
Olía/fita	15
pH	2,0–9,0

* Í samræmi við reglugerð nr. 798/1999 um fráveitur og skólp og skýrslu framkvæmdastjórnar EB um bestu fáanlegu tækni við mengunarvarnir við meðhöndlun úrgangs (Waste Treatment Industries, BAT Reference Document, August 2006). Einnig er höfð hliðsjón af losunarmörkum fyrir úrgangsvatn sem fellur til við hreinsun útblásturslofts í sorpbrennslustöðvum, sbr. reglugerð nr. 739/2003 um brennslu úrgangs.

5.4. Skýrslur til eftirlitsaðila

Rekstraraðili skal senda eftirlitsaðila niðurstöður skráninga, sbr. gr. 5.1, fyrir 1. maí ár hvert fyrir undangengið almanaksár, sbr. 9. gr. laga nr. 55/2003. Rekstraraðila er heimilt að vísa til skýrslu um grænt bókhald eða ársskýrslu ef þar er að finna ofangreindar niðurstöður.

5.5. Grænt bókhald

Rekstraraðili skal færa grænt bókhald, í samræmi við ákvæði reglugerðar nr. 851/2002 um grænt bókhald, og skila árlega til Umhverfisstofnunar.

6. GJALDSKYLDA

Starfsemi þessi er flokkuð í 1. flokk skv. fylgiskjali 1 með reglugerð nr. 785/1999. Rekstraraðili greiðir Umhverfisstofnun gjald skv. gjaldskrá Umhverfisstofnunar vegna útgáfu og kynningar starfsleyfisins og vegna reglubundins eftirlits. Gjald vegna viðbótareftirlits, vanefnda eða rökstuddra kvartana greiðist sérstaklega skv. gjaldskrá Umhverfisstofnunar, sbr. 5. mgr. 12. gr. reglugerðar nr. 786/1999.

7. GILDISTAKA

Starfsleyfi þetta, sem gefið er út í samræmi við ákvæði laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, reglugerðar nr. 785/1999 um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun, laga nr. 55/2003 um meðhöndlun

úrgangs, reglugerðar nr. 737/2003 um meðhöndlun úrgangs, reglugerðar nr. 806/1999 um spilliefni og reglugerðar nr. 303/2008 um úrvinnslu ökutækja, öðlast þegar gildi. Starfsleyfið gildir til xx. xx 2029.

Reykjavík, XX. XX 2013

Umhverfisstofnun

Kristín Linda Árnadóttir
forstjóri

Gunnlaug H. Einarsdóttir
sviðsstjóri



